



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um stöðu þjónustusamninga við dagforeldra**

Á fundi borgarráðs, 2. nóvember 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hver staðan er á þjónustusamningi við dagforeldra sem samþykktur var í sumar. Er þjónustusamningurinn orðinn virkur og hefur hækkun á niðurgreiðslu til 18 mánaða barna tekið gildi? Hvenær verður byrjað að greiða aðstöðustyrk dagforeldra sem hafa starfað í 2 ár eða lengur?*

#### **Svar:**

Unnið er að gerð tillagna að breytingum á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum, breytingum á reglum um stofnstyrki vegna daggæslu og gerð nýs þjónustusamnings. Um er að ræða umfangsmiklar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi.

Hluti af breytingunum voru meðal annars hækkun á niðurgreiðslu vegna 18 mánaða barna og eldri, lægra foreldragjaldi vegna 18 mánaða barna og eldri ásamt hærri stofn- og aðstöðustyrkjum til dagforeldra. Þjónustusamningurinn er því ekki orðinn virkur og ekki komin til hækkun á niðurgreiðslum eða greiðslur á stofn- og/eða aðstöðustyrk til dagforeldra. Gert er ráð fyrir að tillögur að breytingum liggi fyrir á næstu vikum og verði afgreiddar fyrir lok árs.